

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Efni: Yfirlýsing um stjórnskipulagslegt óhæði Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) er hluti af stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem samkvæmt skipuriti heyrir beint undir borgarráð. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnvísu borgarinnar, þar með talið borgarstjóra. Lögð er áhersla á að starfsfólk IER sé hlutlaust í reynd og starfi óháð þeim rekstrareiningum sem þeir endurskoða. Slíkt er tryggt með stjórnskipulegri stöðu IER og að starfsfólk fylgi í sínum störfum alþjóðlegum ramma um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefur út.

Allar starfseiningar og dótturfélög borgarsjóðs Reykjavíkurborgar falla undir starfssvið IER og hefur aðkomu að innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við stefnu borgarráðs og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga. Umfang Innri endurskoðunar markast af því fjármagni sem veitt er til starfseinnar.

IER ber ekki ábyrgð á innra eftirliti í starfseminni eða ábyrgð á innleiðingu þess en er hins vegar ráðgefandi gagnvart yfirstjórn um nýjar aðferðir við uppbyggingu innra eftirlits. Virkni innra eftirlits og áhættustýringar innan samstæðu Reykjavíkurborgar og A hluta borgarsjóðs er á ábyrgð borgarráðs og stjórnenda viðkomandi starfseininga. Virkni innra eftirlits og áhættustýringar fyrirtækja innan B hluta borgarsjóðs er á ábyrgð viðkomandi stjórnna B hluta fyrirtækja og stjórnenda þeirra. Til að ná fram markmiði IER hefur innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar:

- ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfseminni svo sem eignum, starfsfólki, skýrslum, skráum og öðrum gögnum sem innri endurskoðandi telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar, þ.m.t. upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórnar og nefnda.
- heimild til að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnarmenn veiti þær upplýsingar og útskýringar, sem á þarf að halda, innan sanngjarns tíma.
- óheft samskipti við þá, sem sinna ytri endurskoðun hjá A hluta borgarsjóðs og viðkomandi B hluta fyrirtæki.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur beinar starfslegar boðleiðir til endurskoðunarnefndar, borgarráðs og eftir atvikum stjórnar viðkomandi B hluta fyrirtækis með eftirfarandi hætti:

- Borgarstjórn afgreiðir samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar;
- Endurskoðunarnefnd afgreiðir starfsreglur fyrir fagsvið innri endurskoðunar;



- Endurskoðunarnefnd samþykkir áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og stjórnir B hluta fyrirtækja samþykkja innri endurskoðunaráætlun sem snýr að þeim;
- Borgarráð samþykkir rekstraráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar og þar með auðlindaáætlun að því er snýr að A hluta;
- Endurskoðunarnefnd fær reglulega upplýsingar frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og fagstjóra innri endurskoðunar um árangur fagsviðs innri endurskoðunar miðað við áætlun og önnur mál;
- Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar gefur skýrslur beint til endurskoðunarnefndar og borgarráðs og æðstu stjórnenda
- Innri endurskoðandi gegnir ekki öðrum störfum innan borgarinnar.
- Borgarráð samþykkir ákvarðanir um skipun og brottvikningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar í samráði við endurskoðunarnefnd;
- Endurskoðunarnefnd beinir viðeigandi fyrirspurnum til stjórnenda og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar til að ákvarða hvort til staðar séu óviðeigandi takmarkanir á umfangi eða auðlindum.

Undirritaður staðfestir í samræmi við framangreint stjórnskipulegt óhæði Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og þar með að Innri endurskoðun og ráðgjöf er laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna.

Virðingarfyllt

Hallur Símónarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar